

Jón Erlingur Þorláksson, tryggingafræðingur,  
Austurstræti 17, 5. hæð.  
Pósthólf 1085, 121 Reykjavík.  
Sími 621650. Myndsendir 624235.

15/3 1992.  
Alþingi

Erindi n. 115 1672

Til allsherjarnefndar Alþingis. komudagur 16 / 3 19 92

## Athugasemdir við frumvarp til skaðabótalaga.

Ég hef lengi umgengist mál út af slysabótum og því ekki komist hjá að hugleiða það efni. Þess vegna langar mig að koma á framfæri athugasemdum við frumvarp það sem nýlega hefur verið lagt fram á Alþingi.

Ég er samþykkur meginstefnu frumvarpsins, enda gengur hún í þá átt sem ég lagði til í grein í Tímariti lögfræðinga í nóvember 1984.

En ég er ósáttur við nokkur útfærsluatriði í frumvarpinu.

### Meginefni frumvarpsins.

Frumvarpið felur í sér að bætur fyrir varanlegt líkamstjón skiptast í tvo hluta: Áverkabætur og bætur fyrir tekjutap. Áverkabæturnar eru í frumvarpinu kallaðar bætur fyrir varanlegt mein. Ég ræði síðar um orðalag.

Áverkabætur eru samkvæmt frumvarpinu hinar sömu fyrir alla, óháðar tekjum þeirra og aldri, en fara eingöngu eftir læknisfræðilegu mati áverkans. Matseininguna kalla ég áverkastig. Hámarksbætur fyrir áverka eru 4 millj. kr., í undantekningum 6 milljónir. Fyrir missi vísifingurs mundu áverkabætur vera 10% af 4 millj., þ.e. 400.000 kr., svo að dæmi sé tekið.

Valdi slys sannanlega eða líklega tekjutapi bætist það undir öðrum lið. Þær bætur fara eftir því hve tapið er mikið. Þá er tjónþolum skipt í tvo flokka A og B. Í A-flokki eru þeir sem ekki hafa haslað sér völl í atvinnulífinu eða starfa þannig að ekki komi beinar tekjur fyrir eða litlar tekjur (börn og unglingar, námsmenn, húsmæður, skáld). Í B-flokki eru launþegar og aðrir sem afla sér tekna með vinnu.

Í A-flokki ákvarðast bætur vegna tekjutaps út frá áverkamati, stighækkandi með áverkastigi og komast upp í fjórfaldar áverkabætur.

Í B-flokki ber að meta tekjutapið í hverju einstöku tilviki og skulu bætur vera 6-falt árlegt tekjutap.

Undir ákvæði frumvarpsins um varanlegar afleiðingar slysa munu líklega falla um það bil 1000 tjón á ári. Þar af verða á að giska 600 gerð upp með áverkabótum eingöngu skv 4. gr. Afgangurinn gæti skipst nokkuð jafnt milli flokka A og B, um 200 á

hvorn. Þetta eru að meirihluta umferðarslys, þá vinnuslys, líkamsárásir, lækninga-  
mistök, hundsbit o.fl.

Bætur samkvæmt greinum 4 og 8, þ.e. áverkabæturnar og bætur fyrir tekjutap í A-  
flokki, kalla ég staðalbætur.

Eftir þeim reglum sem nú gilda eru allar bætur fyrir varanlegt líkamstjón háðar  
tekjum hins slasaða, áætluðum eða eftir skattframtölum, einnig þó að áverkinn sé það  
lítill að ekki fylgi honum tekjutap. Hér sleppi ég miskabótum sem vega lítið. Þetta  
veldur misræmi í bótagreiðslum. Fyrir missi vísifingurs koma til dæmis mjög misháar  
bætur eftir tekjum manna. Hinir lægra launuðu og t.d. húsmæður, sem fá bætur út frá  
áætluðum lágum launum, bera skarðan hlut frá borði miðað við aðra. Þetta misræmi  
hverfur ef frumvarpið verður að lögum og er það að mínum dómi aðalávinnurinn.

Auk þess eru í frumvarpinu ákvæði um dánarbætur, sem vantað hefur tilf innanlega  
fram að þessu.

Það er matsatriði hve háar bætur skuli koma fyrir áverka, hvort t.d. 400.000 kr.  
eru hæfilegar bætur fyrir missi vísifingurs. Auk þess þarf að vera viðunandi samræmi  
milli bóta í A og B flokki. Út í þau atriði fer ég ekki.

## **Gagnrýni á nokkur atriði.**

### **Orðalag.**

Í frumvarpinu er talað um "bætur fyrir varanlegt mein" þar sem ég nota áverka-  
bætur, og "bætur fyrir varanlega örorku" í stað bóta fyrir tekjutap.

Dönsk lög eru fyrirmynd frumvarpsins. Þar er grein um "varigt mén". Varanlegt  
mein er út af fyrir sig góð og gild þýðing. Gallinn er sá að það fer illa í samsetn-  
ingum. Það er t.d. varla hægt að nota orðið "meingráða" þar sem Danir hafa "mén-  
grad". Enda hrökklast höfundur frumvarpsins út í að tala um "orkuskerðingu".  
Varanlegt mein á samkvæmt frumvarpinu að mælast í orkuskerðingarprósentum.

Þetta er að mínum dómi óhæft orðalag. Orkuskerðing vísar til þess að vinnugeta  
eða hæfni til tekjuöflunar skerðist. En það er ekki vinnugeta sem hér á að mæla,  
heldur eingöngu áverkinn út frá læknisfræðilegu sjónarmiði eftir tilteknum kvarða.

Til mats á áverka hafa menn lengi notað læknisfræðilegar "örorkutöflur" sem  
mælikvarða. Mat lækna samkvæmt þeim hefur hingað til verið mistúlkað hér með  
þeim afleiðingum, sem áður var lýst, að fingurmissir bætist misjafnt eftir tekjum  
manna. Nú þarf að greiða úr flækjunni svo að áverkabótum og bótum fyrir tekjutap  
verði ekki ruglað saman.

Ég nota orðin áverkamat og áverkabætur, sem mér sýnast nothæf. Hafliði Másson hlaut áverka á Þingvöllum sumarið 1120 eins og frægt varð og frá segir í Þorgils sögu og Hafliða. Einnig má nota til skiptis orðin mein og áverki.

Tekið er fram í 4. gr. að mein skuli mæla í prósentum. Það tel ég óheppilegt. Prósentur af hverju? Mælieiningin er reyndar kölluð prósentu nú, en það hefur valdið ruglingi eins og áður var sagt. Eininguna ætti frekar að kalla stig. Alblinda er 100 stiga áverki (mein) samkvæmt hefðbundnum töflum og missir vísifingurs 10 stig.

Á sama hátt tel ég að ekki eigi í 5. gr. að tala um "bætur fyrir varanlega örorku" heldur "bætur fyrir tekjutap". Tilgangurinn er að greina hugtökin sundur og reyna að komast upp úr gamla farinu. Í dönsku lögnum er talað um "erhvervsevnetab".

### Efnisatriði.

1. Að framan var sagt að allir fái sömu áverkabætur samkvæmt frumvarpinu. Frá þessu er undantekning sem felst í 2. mgr. 4. gr. Þar segir: "*Hafi tjónþoli verið 60 ára eða eldri þegar tjón varð lækka bætur ...um 5% fyrir hvert aldursár tjónþola umfram 59 ár. Bætur lækka þó ekki frekar eftir 69. aldursár tjónþola*". Þetta þýðir að sá sem er 70 ára eða eldri fær aðeins hálfar áverkabætur á við þann sem er yngri en 60 ára.

Höfundur er fáorður um þetta í athugasemdum (bls. 30): "*Ákvæði 2. mgr. þarfnast ekki skýringa*".

Það þarf sannarlega skýringa við ef 70 ára gamall maður á að fá aðeins 200.000 kr. bætur fyrir missi vísifingurs, en allir sem eru yngri en 60 ára, jafnt börn sem fullorðnir, 400.000 kr.

Skýringin á þessu er væntanlega sú að hinir yngri þurfi að búa lengur við fingurmissinn og eigi því að fá hærri bætur. Ef svo er ættu bætur að lækka jafnt og þétt með aldri. En kannski er lækkuninni þjappað saman á 10 ára tímabil til hagræðingar og gæti það út af fyrir sig verið forsvaranlegt.

En ég tel rangt að hinn aldraði fái lægri bætur fyrir fingurmissinn. Að vísu býr hann að jafnaði skemur við skaðann. En á móti kemur að aðlögunarhæfnin hefur minnkað og hann er lengur að jafna sig. Áfall af fingurmissi mun að jafnaði ekki vera minna fyrir 70 ára mann heldur en 5 ára barn nema síður sé.

Hér þarf einnig að gæta þess að áverkabæturnar eru grundvöllur bóta fyrir tekjutap skv. 8. gr. Aldraður maður verður skv. frumvarpinu fyrir tvöfaldri lækkun bóta fyrir tekjutap, bæði vegna 2. mgr. 4. gr. og eftir 9. gr.

2. Samkvæmt 4. gr. skal engar bætur greiða ef áverki er minni en 5 stig. Þetta tel ég óráðlegt. Það er sjaldgæft að áverki sé metinn innan við 5 stig. Þó kemur það fyrir og þá helst ef maður hefur misst framan af fingri. Ég sé enga ástæðu til að hætta að

bæta slíka áverka. Takmörkunin mundi valda þrýstingi á lækna að slétta mat upp á við í 5 stig.

3. Skv. 8. gr. koma engar bætur fyrir tekjutap hjá A-flokks manni ef áverki er metinn minni en 15 stig. En 15 stiga áverki gefur bætur sem nema 130% af áverkabótum.

Áverkabætur fyrir 15 stiga áverka eru 600.000 kr. Bætur fyrir tekjutap, 130% af áverkabótum, verða því 780.000 kr. 15 stiga áverki leiðir þannig til 1.380.000 kr. bóta samtals. Fyrir 14 stiga áverka koma hins vegar aðeins 560.000 kr. bætur. Þarna er stökk sem ég tel óheppilegt og vísa til þess sem sagt er áður. Svona stökk mun vera í dönsku lögunum. En það var ekki í frumvarpinu sem lagt var fyrir danska þingið eftir undirbúning í nefnd. Þingið hefur breytt til hins verra að ég álít.

8. grein er leiðinlega upp sett. Einfaldara og greinilegra væri að hafa töflu heldur en langloku af prósentum.

4. Í 5. gr. er einnig stökk sem ég tel hæpið. Tekjutap sem er minna en 15% tekna hins slasaða á ekki bæta. Þarna getur oltið á háum fjárhæðum. Ef maður hefur 1.500.000 kr. árstekjur og tap hans telst vera 15% eða 225.000 kr. á ári fær hann skv. frumvarpinu 6-falda þá upphæð í bætur fyrir tekjutap, þ.e. 1.350.000 kr. Sé tapið metið 14% fær hann engar bætur fyrir tekjutap.

Ég álít að þarna eigi ekki að vera neitt stökk. Þá má um leið sleppa því ákvæði að meta skuli tekjutap í prósentum. Það einfaldar málið. Dæmi: Maður fær áverka er veldur því að hann verður að leggja niður aukastarf sem hann hafði nokkrar tekjur af (t.d. knattspyrnudómari). Af hverju ekki að bæta honum það tap án þess að grafast þurfi fyrir um aðrar tekjur hans?

5. Ákvæði 10. greinar um örorkunefnd eru óhæf að mínum dómi.

Áverkamöt eru gerð af læknum og er fyrir þeim löng hefð. Þau eru reyndar kölluð örorkumöt nú, eins og áður kom fram. Áverkamöt þarf áfram vegna allra tjóna. Um það bil 80% tjóna (600+200) munu verða gerð upp eingöngu eftir áverkamötum, ef frumvarpið verður að lögum. Það er ekkert í frumvarpinu sem bendir til að áverkamötin eigi að hafa annað innihald en fyrr.

Á bls. 29 í athugasemdum er hefðbundin tafla um áverkamat. Í 4. gr. hlýtur að vera byggt á slíkri töflu, annars væri innihald greinarinnar óvíst. Til þess að taka af vafa tel ég að í 4. gr. ætti að tilgreina eina tvo mælipunkta á kvarðanum, t.d.: "Missir vísifingurs hægri handar telst 10 stiga áverki og alblinda 100 stig".

Til viðbótar áverkamötum þarf stundum sérstakt mat á tekjutapi hins slasaða. Það er nýmæli hér á landi. Það getur verið hlutverk sérstakrar nefndar að meta tekjutap. En nefndin ætti ekki að heita örorkunefnd, heldur t.d. matsnefnd tekjutaps.

Matsnefnd tekjutaps er fráleitt að skipa tveimur læknum og einum lögfræðingi. Þar eiga aðrir að koma til sem frekar hafa þekkingu á því hvaða störf standa fötluðum til boða. Helst koma til greina félagsráðgjafar, hagfræðingar eða þeir sem reynslu hafa af vinnumiðlun. Matsnefnd tekjutaps ætti ekki að fjalla um áverkamöt eða semja töflur um þau.

Mér þykir misvísandi það sem segir í athugasemdum á bls. 34 : *"Ef frumvarpið verður að lögum verður gerbreying á forsendum og grunni örorkumats. Horfið verður frá mati sem í aðalatriðum er talið lækniþfræðilegt. Í stað þess kemur svonefnt fjárhagslegt örorkumat sem felur í sér álit á því hvort og að hve miklu leyti geta tjónþola til að afta vinnutekna hefur skerst varanlega".* Hið rétta er að til viðbótar áverkamötum, sem fyrir eru undir öðru nafni en haldast annars óbreytt, kemur í sumum tilvikum sérstakt mat á tekjutapi.

6. Það mun oft verða álitamál hvort einstaklingur sem verður fyrir varanlegum áverka tilheyrir flokki A eða B og fái bætur eftir 8. gr. eða 6.- 7. gr. Um það fæst nokkur hugmynd við lestur athugasemdanna. Þar segir t.d. á bls. 33: *"Stundi tjónþoli nám, þegar líkamstjón ber að höndum, og þiggi laun í tengslum við það, t.d. iðnnám, verður venjulega að miða árslaun við tekjur sem tjónþoli mundi hafa haft ef hann hefði verið nýbúinn að ljúka námi".* Og síðar: *"Þegar draga skal mörkin milli 2. mgr. 7. gr. og 8. gr. verður almennt að telja að 2. mgr. 7. gr. verði beitt um þann sem vinnur hálf launað starf eða meira utan heimilis en 8. gr. um þann sem vinnur minna en hálf starf utan heimilis. Reglum 8. gr. skal beitt um ungt námsfólk þótt það afli tekna í vinnu með námi og án tillits til tekna af þess konar vinnu, svo framarlega sem nemandinn stundar í reynd nám með eðlilegum hætti. Bætur til námsmanna, sem þigga laun í tengslum við nám, svo sem iðnnema eða læknastúdenta, skal ákveða eftir 2. mgr. 7. gr., eins og vikið er að í athugasemdum við 7. gr."*

Hér vakna spurningar. Iðnnemi sem slasast á samkvæmt þessu að fá bætur eftir launum nýútskrifaðra iðnaðarmanna af því að hann hefur kaup meðan á námi stendur. Hins vegar á t.d. menntaskólanemi eða verkfræðistúdent að fá staðalbætur skv. 8. gr. Af hverju þessi munur? Nú er að vísu ekki vitað fyrirfram hvor greinin muni gefa hærri bætur. En setjum svo að staðalbæturnar verði lægri. Á menntaskólaneminn að gjalda þess að hann hefur ekki laun á námstímanum? Annað dæmi: Tvær konur slasast. Önnur stundar heimilisstörf og fær staðalbætur. Hin vinnur úti fyrir lágum launum (reyndar vinnur hún heima líka eins og flestar konur gera). Hún fær bætur í hlutfalli við launin. Á hún að fá lægri bætur en hin fyrrnefnda af því að hún vann utan heimilis? Sigurður Breiðfjörð var skáld eins og kunnugt er en vann auk þess stopult

sem dírilmáður. Hvaða batur átti hann að fá ef hann hefði slasast? Ef hann var eingöngu skáld átti hann að fá staðalbatur.

Niðurstaðan held ég að verði sú að staðalbæturnar verði lágmarksbatur. Kannski má þó hugsa upp einhver tilvik þar sem réttlæt看legt er að greiða minna en staðalbatur.

### **Einfaldara kerfi.**

Að framangreindu athuguðu tel ég að ekki þurfi að greina tjónþola í flokka A og B. Staðalbatur eigi að standa öllum til boða. Leiði slasaði sönnur á að hann hafi orðið fyrir meira tjóni fái hann það bätt. Þá verði tekið tillit til bóta sem hann fær frá öðrum, svo sem úr lífeyrissjóðum. Þetta er það kerfi sem ég mælti með í grein minni í Tímariti lögfræðinga 1984. Eftir sem áður má hafa nefnd til mats á tekjutapi. Eins má ákveða að greiða megi minna en staðalbatur ef sá sem ábyrgð ber á tjóni sannar að það sé minna.

Á þennan hátt hygg ég að uppgjör langflestra tjóna mundi ganga vel. Menn eiga um tvo kosti að velja: Fá staðalbæturnar fljótt og fyrirhafnarlítið eða fara út í að afla sannana um meira tjón. Brátt mundu festast í sessi hefðir um það hverjir skuli fá meiri batur en staðalbatur. Þar koma t.d. til greina sjómenn sem verða að hætta sjómennsku vegna slysa, en það er nokkuð algengt. Og svo auðvitað aðrir þeir sem hafa miklar tekjur og sannanlega tapa þeim.

Virðingarfyllst,



Fylgir: JEP: Um batur fyrir líkamstjón. Tímarit lögfræðinga, nóvember 1984.